

**Fundargerð 44. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 7. janúar 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason og

Anna G. Sverrisdóttir

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Tímaáætlun stjórnar vegna styrksúthlutana 2014**

Lögð voru fram drög að tímaáætlun sem Björn og Albína höfðu kastað á milli sín.

Tímaáætlun stjórnar	
6.1.2014	Stjórnarfundur nr. 43 - Starfsreglur
7.1.2014	Stjórnarfundur nr. 44 - Tímaáætlun næstu mánaða
22.1.2014	Skilafrestur umsókna rennur út á miðnætti - Yfirferð umsókna byrjar
30.1.2014	Stjórnarfundur nr. 45 - Yfirlit yfir umsóknir kynnt
11.2.2014	Stjórnarfundur nr. 46 - 1. yfirferð-verkefni sem ekki standast skilyrði hafa verið flokkuð frá + Kynning frá NMI
18.2.2014	Stjórnarfundur nr. 47 - 2. yfirferð umsókna
25.2.2014	Stjórnarfundur nr. 48 - 3. yfirferð umsókna
4.3.2014	Stjórnarfundur nr. 49 - 4. yfirferð umsókna langur fundur
11.3.2014	Stjórnarfundur nr. 50 - 5. yfirferð umsókna
18.3.2014	Stjórnarfundur nr. 51 - 6. yfirferð umsókna - lokayfirferð með umsögnum
21.3.2014	Bréf með tillögum sent til ráðherra

Björn mun senda fundarboð fyrir alla fundina en ef yfirferð umsókna vinnst vel verða síðustu fundir felldir út eins og þurfa þykir.

**2. Yfirferð umsókna sem bárust fyrir 5. nóv.**

Frestað

**3. Drög að starfsreglum stjórnar FF og verkferlum Ferðamálastofu.**

De minimis reglan rætt og áréttað að upplýsinga sé leitað.

Stjórnin mun biðja um fund með Valgerði Rún í ráðuneytinu.

Stjórnarmenn munu senda Birni athugasemdir við verkferla og hann vinnur þær inn í skjalið.

AS  
SS

## 4. Önnur mál

Markarfljótsbrúin rædd og Björn talar við Hrein og fær upplýsingar.

Ákveðið að fjalla meira um sjóðinn og verkefni hans út á við. Björn mun setja upp tillögu að kynningaráætlun og biðja um að heimasíðu verði breytt þannig að sjóðurinn verði meira áberandi á forsíðu.

Fundi slitið kl. 10.00

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

A. D. n.  
Amund  
S  
Sovan